



4. Höfundar námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi

Sólrún Harðardóttir er fædd í Reykjavík árið 1964. Hún lauk kennaraprófi frá KHÍ vorið 1988 og framhaldsnámi (MA) frá Háskólanum í Wales árið 1992 í námsefnisgerð og notkun miðla í kennslu.

Sólrún hefur starfað sem kennari við grunnskóla og verið starfsmaður Kennaraháskóla Íslands en starfar nú sem endurmenntunarstjóri í Hólaskóla þar sem hún sér einnig um fjarkennslumál og vefsíðu háskólans.

Sólrún hefur fengist við námsefnisgerð frá fyrstu kennsluárum og kom fyrsta kennslubók hennar, Vasareiknar, út hjá Námsgagnastofnun árið 1990. Síðan hefur Sólrún samið námsefni sem einkum tengist náttúru og lífríki landsins bæði í formi bóka og vefefnis og nefnist síðasta útgefna kennslubók hennar Lífríki í sjó. Sólrún vinnur nú að þriðju bók sinni í hinni áhugaverðu ritröð Námsgagnastofnunar Komdu og skoðaðu, en þar hefur hún nú þegar samið tvær af tíu áðurútgefnum bókum en það eru Komdu og skoðaðu himingeiminn og Komdu og skoðaðu hafið auk vefefnis í tengslum við þær.

Þörf fyrir fjölbreytt og vandað námsefni á sviði umhverfis- og náttúrufræða í íslenskum grunnskólum hefur farið vaxandi meðal annars vegna aukinnar vitundar um gildi þessarar þekkingar. Sólrún Harðardóttir hefur haslað sér völl sem námsefnishöfundur á þessu mikilvæga sviði og einkennist vinna hennar af alúð og virðingu fyrir efninu auk sérlegrar þekkingar hennar á sviði námsefnisgerðar. Efnistöð Sólrúnar eru ný og fersk en hún gerir ævinlega ráð fyrir fjölbreyttum kennsluaðferðum, þar sem sérstök áhersla er lögð á athuganir í umhverfinu, vettvangsferðir og náttúruskoðun. Í texta hennar endurspeglast næmur skilningur og tilfinning fyrir því hvaða búningur sé best við hæfi hvers aldurshóps þótt fróðleikurinn sem hún miðlar sé þó jafnan settur fram í knöppum og hnitmiðuðum texta. Vinnubrögð hennar og nákvæmni við heimildavinnu

og heildargerð námsefnisins eru til fyrirmyndar. Nemendum er gefið tækifæri til að öðlast beina reynslu af efnisheiminum og umhverfinu, rækta með sér virðingu fyrir náttúru lands, lífríki og gróðri, en um leið að tileinka sér víðtæka þekkingu og öðlast nýjan skilning. Þessi áhersla er í fyllsta samræmi við hugmyndir sem skýrt koma fram í námskrám og í uppeldis- og kennslufræðilegri umræðu.

Sólrún Harðardóttir er í hópi íslenskra námsefnishöfunda sem hafa gert námsefnisgerð að umsvifamiklum þætti bæði í námi og lífsstarfi og hefur óumdeilanlega tekist að brjóta blað á sviði námsefnisgerðar í náttúru- og umhverfisfræðum.